

## Fulltrúaráðsfundur Foreldrafélags Álfhólsskóla haldinn í Hjalla 10. nóv 2011

Karen Jenný Heiðarsdóttir formaður setti fund kl. 19:40 og bauð fulltrúa velkomna.

- Stjórn kynnti sig og Karen kynnti áform stjórnar.
  - Karen sagði frá vetrarstarfinu, þ.e. viðburðum sem eru á döfunni.
  - Særún fór yfir helstu hlutverk bekkjarfulltrúa. Ábending um að kennarar viti ekki hvert hlutverk bekkjarfulltrúa sé. Mjög misvísandi upplýsingar til foreldra frá skólanum. Stjórn ræði þetta við skólastjóra.
  - Særún kynnti síðan bekkjarmöppur frá Heimili og skóla sem notaðar eru til að halda utan um starf og viðburði hvers bekkjar. Hver bekkur fékk möppu til eignar og mun sú mappa fylgja bekknum.
  - Sigurður kynnti nefndirnar í félaginu og skiptingu í starfsnefndir sem starfa allan veturinn og viðburðanefndir sem sinna ákveðnum viðburðum. Bekkjarfulltrúar skrifuðu sig síðan í þær nefndir sem þeir höfðu áhuga á að starfa í.
  - Sólveig kynnti síðan það efni sem er á foreldrahluta heimasíðu skólans.
  - Bekkjarfulltrúum var síðan skipt í 3 hópa eftir stigum. Anna María kynnti umræðuefnin:
    - Afmælisveislur.
    - Hugmyndabanki yfir viðburði í bekkjum.
    - Hvað má betur fara í starfi Foreldrafélags Álfhólsskóla.
    - Annað sem bekkjarfulltrúar vilja ræða og koma á framfæri.
- Í lok fundar kynnti hver hópur niðurstöður sínar.

### Niðurstöður hópavinnunnar:

#### Afmælisveislur:

##### Yngsta stig:

- 500 kr. á barn ef gefa á pening.
- Senda skilaboð til foreldra, eins snemma á haustin og hægt er, og láta vita um æskilega upphæð.
- Ræða það innan foreldrahóps að 2-3 börn taki sig saman og haldi eina afmælisveislu til að minnka kostnað.
- Reyna að nota námsefniskynningu til að miðla svona upplýsingum eða jafnvel minna fólk á þetta á vorin áður en skóli hættir og svo aftur að hausti.

##### Miðstig:

- Ákveðin peningaupphæð í gjafir; 1000 kr. (500-1000 kr.).
- Gera afmælistkort sjálf – persónulegra.
- Setja t.d. pening í blöðru, búa til skutlu, ekki bara „borga sig inn“.
- Dæmi um gjafir: prinspólo kassi, happaþrennur, bolir (t.d. keyptir á útsölu).
- Almenna reglan: Ef öllum stelpum eða strákum er boðið þá er í lagi að afhenda boðskort í skólanum – annars ekki.
- Láta vita ef börn koma ekki í afmæli – senda líka póst á foreldra því að boðskortin skila sér ekki alltaf.

### Hugmyndabanki um viðburði í bekknum:

##### Yngsta stig:

- Skautuferð. Mikilvægt að koma því til skila að börn eru á ábyrgð foreldra.
- Sundferðir.
- Fleyta flöskum niður Kópavogslæk.

- Guðmundarlundur – leikir.
- Gaman þegar allir bekkir í hverjum árgangi fara e-ð saman.

#### Miðstig:

- Ratleikur í hverfinu; póstar: svara spurningu og taka mynd.
- Hvað má þetta kosta? (keiluferð, leikhús, bíóferð).
- Spyrja krakkana hvað þau vilja.
- Árgangur saman, ekki bara bekkurinn.
- Félagsvist, spilavinir, gamaldags kvöldvaka með leikriti, bröndurum o.fl.
- Jól í skókassa.
- Nota mötuneytið í skólunum; hittast og baka eða búa til pizzu.

#### Elsta stig:

- Erfitt að setja reglur, sérstaklega í kjölfar sameiningar t.d. um hverjum eigi að bjóða. Börnin skiptast í hópa eftir því úr hvaða skóla þau komu.
- Passa foreldralaus boð.
- Lasertag, spilakvöld.
- Hvetja foreldra til að hittast um leið, t.d. með því að láta alla koma með eitthvað á hlaðborð. Þeir geta síðan spjallað meðan krakkarnir gera eitthvað saman.

### Hvað mætti betur fara í starfi foreldrafélagsins:

- Starfið í fyrra lítið sýnilegt – kannski byrjunarerfiðleikar nýs foreldrafélags.
- Hróst til stjórnar foreldrafélagsins að hafa tekið þetta hlutverk að sér við sameiningu skólanna því að það var erfitt.
- Gott að áherslan var lögð á bekkjarfulltrúa; ef bekkjarfulltrúar standa sig er stjórnin sterk.
- Foreldrafélagið kynni sjálft starf bekkjarfulltrúa – ekki kennararnir.
- Einelti – foreldrar verði að draga vagninn.

### Annað:

#### Yngsta stig:

- Nokkuð um áhugaleysi foreldra í sumum bekkjum.
- Bekkjarfulltrúar gætu búið til 4 hópa foreldra til að sjá um ákveðna viðburði yfir veturinn, þannig virkjast allir foreldrar. Þá er tími hvers hóps ákveðinn: t.d. sept/okt., nóv/des., jan/feb., mars/maí.
- Er hægt að hafa yfirlitsskjal yfir hvað er að gerast og hvenær hjá öllum bekkjum?
- Foreldrasamningurinn – nota hann og fá foreldra til að skrifa undir. Nýta foreldrafundi í það. Tekið á mörgum góðum hlutum í samningnum.
- Fá nýbúaforeldra til að virkjast betur.

#### Miðstig:

- Foreldrar hittist á hlutlausu svæði, t.d. á kaffihúsi. Vera með fasta dagskrá og halda sig við tímarammann.
- Maturinn í skólanum: vondum mat er hent. Setja MATARNEFND af stað.
- Börn hafa verið send út á skólalóðina til að týna rusl og það fundust smokkar og nálar – AFNEMA þessa ruslatýnslu.

#### Elsta stig:

- Foreldrasáttmáli mikilvægur á elsta stigi. Fá utanaðkomandi til að kynna hann og stýra málefnalegum umræðum.
- Vinna í árgöngum ekki bekkjum.
- Afhverju er svona erfitt að fá foreldra á elsta stigi til að vera bekkjarfulltrúar?
- Afhverju eru ekki fleiri bekkjarfulltrúar af elsta stigi á fundinum?